

Ár 2011, fimmtudaginn 10. febrúar kl: 17:00 kom bæjarstjórn Hveragerðis saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Unnur Þormóðsdóttir, Lárus Guðmundsson í forföllum Guðmundar Þórs Guðjónssonar, Aldís Hafsteinsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Róbert Hlöðversson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Forseti bæjarstjórnar, Unnur Þormóðsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Skólaskrifstofa Suðurlands.

2. Fundargerðir

- 2.1. Bæjarráðs frá 20. janúar og 3. febrúar 2011.
- 2.2. Mannvirkja- og Umhverfisnefndar frá 20. janúar 2011
- 2.3. Skipulags- og byggingarnefndar frá 11. janúar 2011.
- 2.4. Fræðslunefndar frá 7. febrúar 2011

3. Lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga.

4. Gjaldskrá fyrir búfjáreftirlit í Hveragerði, síðari umræða.

5. Þriggja ára áætlun 2012-2014, fyrri umræða

6. Fundargerðir til kynningar;

- 6.1. Bæjarstjórnar frá 13. janúar 2011.

Hér var gengið til dagskrár

1. Skólaskrifstofa Suðurlands.

Á fundinn mætti Kristín Hreinsdóttir framkvæmdastjóri Skólaskrifstofu Suðurlands og kynnti starf Skólaskrifstofu Suðurlands.

2. Fundargerðir;

2.1. Bæjarráðs frá 20. janúar 2011.

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur Þormóðsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Róbert Hlöðversson.

Bæjarstjórn staðfestir eftirtalda liði í fundargerð bæjarráðs: 2.2 / 3.2 / 3.3 / 3.4.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

Bæjarráðs frá 3. febrúar 2011.

Enginn tók til máls.

Bæjarstjórn staðfestir eftirtalda liði í fundargerð bæjarráðs: 1.3 / 1.5 / 3.1 / 3.2.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

2.2. Mannvirkja- og umhverfisnefndar frá 20. janúar 2011.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir og Eyþór H. Ólafsson.

Vegna athugasemda um Skólamörk vísar bæjarstjórn því máli til vinnu við endurskoðun umferðaröryggisáætlunar. Skipulags- og byggingafulltrúa ásamt umhverfisráðgjafa falið að ræða við Rarik vegna úrbóta á útliti ljósastaura. Varðandi blómasýninguna 2011 upplýsti bæjarstjóri að þema sýningarinnar þetta árið verði "skógur" en Sameinuðu þjóðirnar hafa ákveðið að árið 2011 verði ár skóga.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2.3. Skipulags- og byggingarnefndar frá 11. janúar 2011.

Eftirtaldir tóku til máls: Eyþór H. Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Bæjarstjórn staðfestir eftirtalda liði í fundargerð nefndarinnar: 3 / 4 / 5.

Fundargerðin samþykkt samhljóða

2.4. Fræðslunefndar frá 7. febrúar 2011.

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir, Róbert Hlöðversson, Aldís Hafsteinsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Eyþór H. Ólafsson.

Kl. 18:50 var gert fundarhlé.

Kl. 18:54 hélt fundur áfram.

Vegna liðar 2 þá frestar bæjarstjórn ákvörðun um skipan starfshóps.

Fundargerðin samþykkt samhljóða

3. Lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga.

Lagður fram lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga.

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur Þormóðsdóttir, Róbert Hlöðversson og Aldís Hafsteinsdóttir.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 100.000.000 kr. til 23 ára, í samræmi við samþykka skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að endurfjármagna tvö lán hjá Íslandsbanka að fjárhæð samtals 73 milljónir og til að fjármagna framkvæmdaáætlun 2011 að fjárhæð 27 milljónir, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Aldísi Hafsteinsdóttur kt. 211264-5009, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hveragerðisbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

4. Gjaldskrá fyrir búfjárefirlit í Hveragerði, síðari umræða.

Lögð fram til síðari umræðu gjaldskrá fyrir búfjárefirlit í Hveragerði.

Enginn tók til máls.

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

5. Þriggja ára áætlun 2012-2014, fyrri umræða.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir forsendum þriggja ára fjárhagsáætlunar fyrir árin 2012-2014.

Í greinargerð sem fylgir áætluninni kemur eftirfarandi m.a. fram:

Framtíðarsýn meirihluta bæjarstjórnar til næstu þriggja ára birtist í þeirri áætlun sem hér er lögð fram. Enn er mikil óvissa varðandi þróun efnahagsmála og framtíðarhorfur hvort sem litið er til ríkis, sveitarfélaga eða heimila í landinu.

Hér í Hveragerði höfum við valið að horfa bjartsýnum augum til framtíðar því hér teljum við að möguleikar til uppbyggingar séu miklir.

Í áætluninni er gert ráð fyrir hóflegri hækkun skatttekna næstu árin. Gert er ráð fyrir að útsvar hækki um 3% á ári og fasteignaskattar um 2% á ári. Áætluð hækkun tekur mið af opinberum spám um hækkun útsvars í kjölfar aukins hagvaxtar, fjölgunar íbúa og minnkandi atvinnuleysis. Gert er ráð fyrir að aðrar tekjur sveitarfélagsins aukist til samræmis við vænta verðlagsþróun eða um 2% á ári.

Gert er ráð fyrir hækkuðum framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem nemur 5% á ári út tímabilið. Við útreikning fjármagnskostnaðar er gert ráð fyrir hækkun vísitölu um 2% á ári á tímabilinu. Lántökur verða nauðsynlegar til að standa straum af afborgunum lána að hluta semog þeim fjárfestingum sem ráðist verður úti.

Heildarskuldir Hveragerðisbæjar munu lækka milli árana 2010 og 2011. Þær munu síðan hækka aftur á árinu 2012 en lækka á ný árin 2013 og 2014. Viðmiðið er að skuldir og skuldbindingar fari ekki yfir 150% af heildartekjum. Það mun þó gerast fyrstu tvö ár áætlunarinnar en árið 2014 verða heildarskuldir 139% af tekjum sveitarfélagsins. Þess ber að geta að við breytt reikningsskil var bæjarfélaginu nauðugur einn kostur að skuldfæra leigusamning í Sunnumörkinni sem er óuppsegjanlegur til 25 ára. Þessi eini gjörningur bætti 300 milljónum við skuldir bæjarins og færði samstæðuna yfir 150% markið.

Gert er ráð fyrir að Hamarshöllin rísi við Grýluvöll árið 2012. Endanlegur frágangur og greiðslur vegna þessa dreifist á þrjú ár. Í áætluninni er einnig gert ráð fyrir frágangi eldri gatna á tímabilinu en enn eru nokkrar malargötur í bæjarfélaginu. Heimild til að innheimta B-gjöld af eldri húsum rennur út árið 2012 og harla ólíklegt er að hún fái framlengd. Því er mikilvægt að framkvæmdum við þéttbýlustu göturnar verði lokið þá. Rétt er að ítreka að fjárfestingaáætlun er endurskoðuð við fjárhagsáætlunargerð hvers árs í ljósi þess efnahagslega umhverfis sem ríkir á hverjum tíma. Ekki er gert ráð fyrir breytilegum tekjum vegna sölu byggingarréttar en þegar ástand efnahagsmála vænkast má gera ráð fyrir að sú sala hefjist á ný.

Meirihluti bæjarstjórnar vill hlúa að því sem skiptir máli í okkar nærumhverfi og sjá möguleikana sem fyrir hendi eru. Verkefni dagsins í dag er að halda grunnþjónustu við bæjarbúa í góðu lagi. Að því stefnir meirihluti bæjarstjórnar einhuga um leið og hugsað er til framtíðar hvað varðar uppbyggingu og atvinnusköpun.

Kl. 19:25 vék Lárus Guðmundsson af fundi og Guðmundur Þór Guðjónsson tók sæti hans á fundinum.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Róbert Hlöðversson, Unnur Þormóðsdóttir og Guðmundur Þór Guðjónsson.

Samþykkt samhljóða að vísa þriggja ára fjárhagsáætlun til síðari umræðu sem fram mun fara á aukafundi bæjarstjórnar þann 24. febrúar n.k.

6. Fundargerðir til kynningar.

6.1. Bæjarstjórnar frá 13. janúar 2011.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:45

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign).

Aldís Hafsteindóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson

Eyþór H. Ólafsson, (sign).

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign).

Ninna Sif Svavarsdóttir (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign).